

# Stjórnarháttayfirlýsing Íslandsbanka fyrir árið 2013

## Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera leiðandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem bankanum ber að starfa samkvæmt, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna.

Stjórnarhættir Íslandsbanka eru í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti eftirlitsskyldra aðila ásamt viðeigandi lögum og reglum. Meðal þeirra laga sem um starfsemi bankans gilda eru lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samkeppnislög nr. 44/2005 sem ásamt samþykktum bankans mynda grunninn að starfsemi bankans. Viðeigandi löggjöf má nálgast á vefsíðu Alþingis.<sup>1</sup> Bankinn fer enn fremur eftir reglum og tilmælum Fjármálaeftirlitsins og reglum NASDAQ OMX Iceland hf. sem aðgengilegar eru á vefsíðum þeirra.<sup>2</sup>

### Viðurkenning sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Bankinn er staðráðinn í að viðhalda góðum stjórnarháttum sem samræmast bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna og standa vörð um hagsmuni bankans. Í takt við framangreint markmið réð bankinn óháðan aðila til að gera úttekt á stjórnarháttum bankans og gekkst að því loknu undir formlegt mat Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands sem fól í sér viðtækt mat á starfsháttum stjórnar, undirnefnda stjórnar og stjórnenda bankans. Í kjölfar matsins hlaut bankinn viðurkenninguna *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum* frá Rannsóknarmiðstöðinni, í febrúar 2014.

### Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 ber bankanum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórn bankans fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út í mars 2012 (4. útg.) af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins (hér eftir nefndar leiðbeiningarnar). Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs.<sup>3</sup>

Stjórnarhættir bankans samræmast ákvæðum leiðbeininganna í öllum meginatriðum. Bankinn vikur frá leiðbeiningunum í tilteknum efnisatriðum sem fram koma í greinum 1.2., 2.5., 2.10., 5.1., 5.C.1. og 6.2. Hér verður gerð grein fyrir ástæðum frávikanna og til hvaða úrræða hefur verið gripið í tilefni af þeim.

Grein 1.2. í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir að formaður stjórnar og tilskilinn meirihluti stjórnarmanna skuli vera viðstaddir hluthafafundi, ásamt bankastjóra. Jafnframt segir að sé æskilegt að endurskoðandi félagsins og ekki færri en einn nefndarmaður allra undirnefnda sé viðstaddur hluthafafundi ef við á. Bankinn hefur fylgt þessu til hlítar hvað aðalfundi bankans varðar en ekki á öðrum fundum hluthafa þar sem bankinn hefur ekki talið það nauðsynlegt enda eru hluthafar í bankanum aðeins tveir talsins.

Grein 2.5. í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir að stjórnin skuli meta óhæði nýrra stjórnarmanna fyrir aðalfund félagsins og gera niðurstöðu sína aðgengilega hluthöfum. Stjórn bankans hefur framkvæmt þetta mat á fyrsta fundi stjórnar eftir að nýjrir stjórnarmenn hafa tekið þar sæti. Framangreint mat verður framvegis framkvæmt fyrir aðalfund bankans.

Grein 2.10 í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir að stjórn bankans samþykki skriflega stefnu um samfélagslega ábyrgð og siðareglur. Framkvæmdastjórn bankans samþykkti siðareglur fyrir bankann í janúar 2011. Bankinn hefur ávallt talið það ábyrgðarhlutverk að starfa í sátt við samfélag sitt og hefur frá upphafi lagt sitt af mörkum til að efla nærumhverfi sitt með því að styðja við fjölbreytt starf á sviði menningar, iðrótta og félagsmála, auk þess að styrkja nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni. Bankinn hefur t.d. í sex ár verið aðili að alþjóðlegu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð. Árlega er gefin út skýrslan Íslandsbanki í samfélaginu: Global Compact og er hún aðgengileg á vef bankans. Stjórn bankans gerir ráð fyrir að setja sér formlega stefnu um samfélagslega ábyrgð.

Grein 5.1. í leiðbeiningunum gerir ráð fyrir birtingu starfsreglna undirnefnda á vefsíðu félagsins. Undirnefndir stjórnar starfa samkvæmt erindisbréfi frá stjórn í samræmi við starfsreglur stjórnar sem birtar eru á vefsíðu bankans. Greint er frá hlutverki þeirra og ábyrgð á heimasíðu bankans, sem stjórn bankans hefur talið fullnægjandi í þessu samhengi.

Grein 5.C.1. gerir ráð fyrir að stjórn félagsins geti ákveðið að skipa sérstaka tilnefningarnefnd. Stjórn bankans hefur ekki talið ástæðu til að skipa sérstaka tilnefningarnefnd.

Umfram það sem þegar er birt á vefsíðu bankans gerir grein 6.2. í leiðbeiningunum ráð fyrir að á vefsíðu félagsins séu birtar upplýsingar um stjórnarháttayfirlýsingar félagsins s.l. 3 ár; framboð til stjórnar félagsins; og dagskrár hluthafafunda. Ársskýrslur og ársreikningar bankans sem birtir eru á vefsíðu bankans innihalda upplýsingar um stjórnarhætti fyrri ára og hefur bankinn ekki talið þörf á að endurútgefa þær sérstaklega. Upplýsingar um framboð til stjórnar félagsins og dagskrár hluthafafunda hafa ekki verið birtar á vefsíðu bankans og bankinn því talið tilhlýðilegra, þar sem hluthafar eru aðeins tveir, að upplýsingum sé sérstaklega beint til þeirra.

<sup>1</sup> www.althingi.is

<sup>2</sup> www.fme.is og www.nasdaqomxnordic.com

<sup>3</sup> www.vi.is

## Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringar

Stjórn bankans hefur eftirlit með framkvæmd stefnu bankans, virkni eftirlits með bókhaldi og fjárreiðum og tryggir stöðuga virkni innri endurskoðunar, regluvörslu, áhættustýringar.

Framkvæmdastjórn, áhættunefnd, efnahagsnefnd og fjárfestingarráð bera ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar. Í krafti þess umboðs gefa nefndirnar út ítarlegri leiðbeiningar um áhættumat og einstök áhættumörk í samræmi við skilgreindan áhættuvilja bankans.

Í samræmi við 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 starfar innri endurskoðunardeild innan bankans sem er sjálfstæð frá öðrum deildum bankans. Innri endurskoðun veitir bankanum sjálfstæða, hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf varðandi það hvort ferli bankans varðandi áhættustýringu, innra eftirlit og stjórnarhætti, samkvæmt ákvörðun og framsetningu stjórnenda, séu fullnægjandi. Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn og er ábyrgur fyrir innri endurskoðun á samstæðugrundvelli.

Bankanum ber að starfrækja regluvörslu, annars vegar sem fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfiðskipta og hins vegar sem útgefandi skráðra fjármálagerna. Regluvörður er skipaður af bankastjóra og er skipun hans staðfest af stjórn og þaðan hefur regluvarsla umboð sitt, í samræmi við 130. gr. laga um verðbréfiðskipti nr. 108/2007. Hlutverk regluvarðar er að fylgjast með og meta, með reglubundnum hætti, ráðstafanir bankans í tengslum við verðbréfiðskipti, og að þær séu ávallt í samræmi við viðeigandi lög.

Í samræmi við samþykktir bankans og lög um fjármálafyrirtæki skal kjósa endurskoðunarfélag á aðalfundi bankans til fimm ára í senn. Á aðalfundi bankans 2010 var Deloitte hf. kosið sjálfstætt endurskoðunarfélag bankans.

Enginn eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað að bankinn hafi brotið lög eða reglur á árinu 2013.

## Ákvarðanatökulykill Íslandsbanka

Stjórn bankans innleiddi árið 2012 ákvarðanatökulykil fyrir starfsemi bankans með því að kortleggja allar meiriháttar ákvarðanir sem hugsanlegt væri að bankinn vilji grípa til við ákveðnar aðstæður og skilgreinir rétt ferli við töku þeirra. Ákvarðanatökulykillinn setur ákveðin skilyrði fyrir töku allra meiriháttar ákvarðana og skilgreinir hver sé best fallinn til ákvarðanatökunnar og að þær séu teknar á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga á hverjum tíma.

## Gildi Íslandsbanka, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

Gildi bankans eru kjarni fyrirtækjamenningarinnar sem mótar hegðun, hugarfarar og viðmót starfsmanna bankans. Gildi bankans krefjast þess að starfsmenn bankans séu faglegir, stundi öguð vinnubrögð, fari eftir ferlum og fylgi málum eftir til enda – fagleg, jákvæð og framsýn.

Til að viðhalda og styrkja trúverðugleika og orðspor bankans tóku allir starfsmenn þátt í að móta siðareglur bankans. Þeim er ætlað að stuðla að góðum starfs- og viðskiptaháttum, auka traust og leiðbeina starfsfólki við dagleg störf. Siðareglurnar, sem voru samþykktar af framkvæmdastjórn í janúar 2011, má finna á vefsíðu bankans.

Bankinn leggur sitt af mörkum til að efla nærumhverfi sitt með því að styðja við fjölbreytt starf á sviði menningar, íþróttar og félagsmála, auk þess að styrkja nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni. Verkefni bankans á sviði samfélagslegrar ábyrgðar eru byggð á stefnu sem nær til fjögurra lykilþátta; viðskipta, mannauðs, samfélags og umhverfis. Árlega er gefin út skýrslan Íslandsbanki í samfélaginu – Global Compact og er hún aðgengileg á vef bankans. Undanfarin sex ár hefur bankinn verið aðili að alþjóðlegu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð, UN Global Compact. Sáttmálinn er leiðarvísir að því hvornig fyrirtæki geta sýnt samfélagslega ábyrgð í verki og er hvatning til góðra verka. Stjórn bankans gerir ráð fyrir að innleiða formlega stefnu um samfélagslega ábyrgð.

## Stjórn Íslandsbanka, undirnefndir stjórnar og framkvæmdastjórn

### Stjórn

Í stjórn bankans sitja níu einstaklingar, og tveir varamenn, sem kosnir eru á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarformaður er kosinn af hluthafafundi. Engin takmörk eru fyrir því hve lengi stjórnarmenn mega sitja í stjórn bankans.

Stjórn bankans fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hlutahafafunda nema þegar lög eða samþykktir bankans kveða á um annað. Stjórn ber ábyrgð á mótun stefnu bankans og felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé ávallt í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti. Stjórn skipar bankastjóra og innri endurskoðanda.

Starfsreglur stjórnar eru settar á grundvelli 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Gildandi reglur frá 27. ágúst 2013 má finna á vefsíðu bankans. Samkvæmt starfsreglum stjórnar eru fundir stjórnar lögmætir ef fimm stjórnarmenn hið minnsta sækja fund. Stjórnarfundur á árinu 2013 voru 14 talsins og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum.

Í samræmi við starfsreglur stjórnar eru tilnefndar sérstakar undirnefndir stjórnar. Nefndirnar starfa samkvæmt erindisbréfi frá stjórn og starfsreglum stjórnar. Lánanefnd stjórnar hætti störfum í ágúst 2013. Undirnefndir stjórnar eru fjórar og eru allar skipaðar stjórnarmönnum.



















**Endurskoðunarnefnd** sem skipuð er fjórum stjórnarmönnum aðstoðar stjórn við að hafa eftirlit með reikningshaldi og endurskoðun á mikilvægum bókhalds- og reikningssskilamálum, skilvirkni innra eftirlits og fyrirkomulagi áhættustýringar og regluvörslu. Fundir endurskoðunarnefndar stjórnar á árinu 2013 voru níu, allir lögmætir.

**Áhættunefnd stjórnar** sem skipuð er fjórum stjórnarmönnum ber ábyrgð á að endurskoða reglur og aðferðir við áhættustýringu sem notaðar eru af stjórnendum í starfsemi bankans og kynna fyrir stjórn bankans helstu áhættuþætti í rekstri bankans. Áhættunefnd stjórnar ber einnig ábyrgð endurskoðun reglna sem stjórn setur um áhættustýringu. Fundir áhættunefndar stjórnar á árinu 2013 voru sjö talsins, allir lögmætir.

**Stefnumótunarnefnd** sem skipuð er fimm stjórnarmönnum fylgist með og samþykkir helstu þætti í stefnu bankans og leggur fram vegvísi varðandi innleiðingu stefnunnar. Nefndin ákveður stefnumarkandi fjárhagsleg markmið bankans og áherslur og fylgist með framgangi þeirra. Fundir stefnumótunarnefndar stjórnar á árinu 2013 voru þrjár talsins, allir lögmætir.

**Nefnd stjórnar um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál** sem skipuð er fimm stjórnarmönnum aðstoðar stjórn bankans við að fylgjast með þróun og meta reglulega nálgun bankans í góðum stjórnarháttum og árangur stjórnarmanna. Nefndarfundir stjórnar um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál voru sex talsins á árinu 2013, allir lögmætir.

Nefndarskipan má sjá í töflu hér að neðan.

	Endurskoðunarnefnd stjórnar	Áhættunefnd stjórnar	Stefnumótunarnefnd stjórnar	Nefnd um stjórnarhætti, starfskjör og starfsmannamál
Friðrik Sophusson				
John E. Mack				
Árni Tómasson				
Dr. Daniel Levin				
Marianne Økland				
María E. Ingvadóttir				
Neil Graeme Brown				
Helga Valfels				
Pórána Jónsdóttir				

 Nefndarmaður     Formaður nefndar

#### Árangursmat stjórnar

Starfsreglur stjórnar kveða á um skyldu til að stjórn meti störf sín, verklag og starfshætti eigi sjaldnar en árlega. Þessu mati er ætlað að bæta starfshætti og skilvirkni stjórnarinnar. Við árangursmat er lagt mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar. Árangursmatið byggir m.a. á sjálfsmati hvers stjórnarmanns, mati á hvort starfreglum hafi verið fylgt til hlítar, stöðumati á sérstökum áherslum varðandi áhættustýringu og innra eftirlit ásamt stikkprufum á eftirfylgni mála sem stjórnin hefur afgreitt.

#### Upplýsingar um stjórnarmenn

**Friðrik Sophusson, stjórnarformaður**, er fæddur árið 1943. Hann er með embættispróf frá Lagadeild Háskóla Íslands. Friðrik hefur verið stjórnarformaður frá janúar 2010. Hann er jafnframt stjórnarformaður Hlíðarenda ses. og Úlfhljótsvatni sf., og varamaður í stjórn Fondement ehf.

**John E. Mack, varaformaður stjórnar**, er fæddur árið 1947 og er bandarískur ríkisborgari. Hann er með MBA gráðu frá Virginia Darden School of Business og hagfræðigráðu frá Davidson College. Hann hefur verið stjórnarmaður síðan janúar 2010. Hann situr einnig í stjórn Flowers National Bank, Incapital Holdings, Medley Capital Corporation og Search Light Minerals (SRCH).

**Neil Graeme Brown** er fæddur árið 1959 og er breskur ríkisborgari. Hann er með M.A. gráðu í klassískum fræðum frá Emmanuel College í Cambridge og er löggiltur endurskoðandi. Hann hefur verið stjórnarmaður frá janúar 2010. Eigandi og stofnandi Subito Partners, ráðgjafarfyrtæki við stjórnir og fjárfestingarfélag í London, sem sérhæfir sig í ráðgjöf um fjárfestingar og endurskipulagningu. Hann situr einnig í stjórn Gate D3 Group AG, Magma Finance, AVC NEXT- GEN og Euro Car Parts Limited.

**Dr. Daniel Levin** er fæddur árið 1963 og er bandarískur og svissneskur ríkisborgari. Hann er með J.D. og Ph.D. gráðu í lögum frá University of Zurich og LL.M gráðu í lögum frá Columbia University. Hann hefur verið stjórnarmaður frá maí 2011. Hann hefur um langt skeið sinnt ráðgjafarstörfum fyrir ríkisstjórnir og alþjóðlegar þróunarstofnanir um þróun fjármagnsmarkaða og fyrir eftirlitsaðila um innleiðingu síða- og stjórnarháttareglna fyrir fjármálafyrirtæki. Hann situr einnig í stjórn CMD Group LLC, Corporation Maldana AG, Liechtenstein Foundation for State Governance, Make Foundation Inc., Securoseal Global Ltd. og Securoseal USA LLC.

**Árni Tómasson**, er fæddur árið 1955. Hann er með Cand. Oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og er löggiltur endurskoðandi. Hann rekur í dag eigið ráðgjafarfyrtæki AT ráðgjöf ehf. og situr jafnframt í stjórn félagsins. Hann hefur verið stjórnarmaður frá janúar 2010. Hann situr einnig í stjórn Gullberg ehf., Skjaldborg Kröfuhafafélag 15 ehf., Skjaldborg Kröfuhafafélag 10 ehf. og Kaffítar ehf.

*Marianne Økland* er fædd árið 1962 og er norskur ríkisborgari. Hún er með M.Sc. gráðu í fjármálum, hagfræði og stærðfræði frá Norwegian School of Economics and Business Administration. Hún starfar sem framkvæmdastjóri Avista Partners. Hún hefur verið stjórnarmaður frá janúar 2010. Hún situr einnig í stjórn IDFC og Scorpio Tankers Inc.

*María E. Ingvadóttir* er fædd árið 1946. Hún er með Cand.Oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hún er eigandi og framkvæmdastjóri Beggja hagar ehf. sem er ráðgjafarfyritæki á sviði endurskoðunar og stjórnumar. Hún hefur verið stjórnarmaður frá september 2012. Hún situr einnig í stjórn Storice ehf., Beggja hagar ehf., Ranna ehf., Oliulindin ehf. og Fjölblandir ehf.

*Dr. Þórunna Jónsdóttir* er fædd árið 1968. Hún er með doktorsgráðu í stjórnun frá Cranfield University í Bretlandi, MBA gráðu frá IESE Barcelona og meistaraþátt frá Háskóla Íslands, ásamt því að hafa lokið prófi til löggildingar í verðbréfamiðlun. Hún starfar sem forseti viðskiptadeildar við Háskólann í Reykjavík. Hún hefur verið stjórnarmaður frá september 2013. Þórunna er framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í Kaliber ehf., Ísarn ehf. og er varamaður í stjórn Klak Innovit ehf.

*Helga Valfells* er fædd árið 1964. Hún er með MBA gráðu frá London Business School og A.B. gráðu í ensku og hagfræði frá Harvard University. Hún er framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs Atvinnulífsins. Hún hefur verið stjórnarmaður frá september 2013. Hún er eigandi og framkvæmdastjóri Árhólmi ehf. og eigandi og varamaður í stjórn Uggi ehf. Hún situr jafnframt í stjórn Mentor ehf., Klak Innovit ehf., Transmit ehf., Gagnavarslan hf., Vesturgarður ehf., og Frumtak GP hf. Hún er varamaður í stjórn AMP ehf., Tölvuský ehf., Info Mentor ehf., Norrænar myndir ehf., Akthelia ehf., Árhólmi ehf. og Íslensk nýsköpun ehf.

Varamenn stjórnar eru þeir **Gunnar Fjalar Helgason**, frá september 2013, og **Jón Eiríksson**, frá janúar 2011.

Allir stjórnarmenn bankans teljast óháðir bankanum og stórum hluthöfum bankans að undanskildum Árna Tómassyni sem telst háður ISB holding ehf. sem er dótturfélag Glitnis banka hf., vegna setu Árna í skilanevnd Glitnis banka hf. frá september 2008 til september 2011.

### **Framkvæmdastjórn**

Bankastjóri er ábyrgur fyrir að annast rekstur bankans í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Það er einnig hlutverk bankastjóra að tryggja að starfsemi bankans sé á hverjum tíma í samræmi við samþykktir og viðeigandi lög. Bankastjóri skipar regluvörð bankans, framkvæmdastjóra yfir starfssvið bankans og nefndarmenn í lykilnefndir framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn, ásamt bankastjóra, stýrir daglegum rekstri bankans í samræmi við stefnu stjórnar. Framkvæmdastjórn bankans samanstendur af átta einstaklingum, að bankastjóra meðtöldum: Birna Einarsdóttir, bankastjóri síðan í október 2008; Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs síðan október 2011; Sigríður Olgeirsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatæknisviðs síðan September 2010; Stefán Sigurðsson, framkvæmdastjóri eignastýringar síðan október 2008; Sverrir Örn Þorvaldsson, framkvæmdastjóri áhættustýringar síðan nóvember 2010; Tryggvi Björn Davíðsson, framkvæmdastjóri markaða síðan september 2011; Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabanka síðan október 2008; og Vilhelm Már Þorsteinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs síðan október 2008.

Bankastjóri og lykilnefndir framkvæmdastjórnar bera ábyrgð á framkvæmd áhættustýringar og innra eftirlits í umboði stjórnar. Í krafti þess umboðs gefa nefndirnar út ítarlegar leiðbeiningar um áhættumat og einstök áhættumörk í samræmi við skilgreindan áhættuvilja bankans.

Skipan lykilnefnda framkvæmdastjórnar, er ákveðin af bankastjóra en erindisbréf nefndanna og vinnureglur eru samþykktar af stjórn. Nefndirnar eru:

- Framkvæmdastjórn sem stýrir stefnu bankans varðandi rekstraráhættu á samstæðugrundvelli.
- Áhættunefnd sem fer með stjórn og eftirlit útlánamála og annarrar mótaðilaáhættu í samræmi við lánastefnu og útlánareglur bankans.
- Efnahagsnefnd sem hefur umsjón og eftirlit með öðrum fjárhagslegum áhættum eins og markaðsáhættu, lausafjárháttu og vaxtaáhættu í fjárfestingarbók.
- Fjárfestingarráð sem tekur ákvarðanir um kaup eða sölu hluta í fyrirtækjum sem og aðrar tegundir fjárfestinga, t.d. í fjárfestingarsjóðum og fasteignum.

Auk þessa eru fjögur svið sem heyra beint undir bankastjóra; lögfræðideild, mannauðssvið, markaðsdeild og regluvarsla.

### **Tilhögun samskipta milli hluthafa og stjórnar**

Bankinn er í meirihlutaeigu Glitnis banka hf. sem fer með 95% af hlutfé bankans í gegnum dótturfélag sitt, ISB Holding ehf. Þau 5% sem eftir standa eru í eigu íslenska ríkisins og eru undir stjórn Bankasýslu ríkisins.

Stjórn á samskipti við hluthafa í samræmi við ákvæði viðeigandi laga, samþykta bankans og starfsreglna stjórnarinnar. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum og ákvarðanatöku standa vörð um hagsmuni bankans og hluthafa í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og gildandi regluverk um starfsemi fjármálafyrirtækja.

Hluthafafundur eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafa sem fara með æðsta vald í málefnum bankans. Á milli löglega boðaðra hluthafafunda sér stjórnarformaður um samskipti við hluthafa fyrir hönd stjórnar.

Hluthafar geta á hverjum tíma tjáð sig um málefni bankans við stjórn og lagt fyrirspurnir til stjórnar til umræðu.